

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
b.t. Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra
Skuggasundi 3
150 Reykjavík

Reykjavík 26. apríl 2011

EFNI: Opnar spurningar til ráðherra vegna fjárhags- og eignatjóns atvinnulífs og heimila af ólögmætum lánasamningum

Hæstvirtur Ráðherra:

Nú höfum við í samstarfi við hóp sérfræðinga, sent kvörtun til ESA vegna aðgerðaleysis stjórnvalda gagnvart framkomu fjármálafyrirtækja á hendur lánþegum. Jafnframt er send kvörtun fyrir hönd tveggja ríkisborgara frá Spáni og Þýskalandi til framkvæmdastjórnar ESB vegna sama aðgerðaleysis og þar með sömu tómlætisbrotum íslenskra stjórnvalda gagnvart borgurum Evrópusambandsins.

Þú hefur ítrekað látið hafa eftir þér að allar aðgerðir stjórnvalda séu bein afleiðing af skýrum dómum Hæstaréttar um meðferð ólögmætrar gengistryggingar, án þess að rökstyðja það frekar. Á bak við þessa fullyrðingu hefur þú skýlt þér og sagt að þú hafir ekki heimild til að bregðast við sannarlega ólögmætum aðgerðum fjármálakerfisins þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar og óskir um viðbrögð.

Nú síðast hefur héraðsdómur sett fram vel rökstuddan dóm um ólögmæti svokallaðra fjármögnunarleigusamninga. Áður hafði Hæstiréttur dæmt nánast alla aðra gengistrygðna lánasamninga ólögmeta, óháð veðandlagi, lánstíma og tegund lánþega. Þar með hefur þessi sami Hæstiréttur dæmt gegn þeim lögum sem þú sjálfur í nafni efnahags- og viðskiptaráðherra fluttir og fékkst samþykkt á Alþingi.

Það hefur því ekki gengið þrautalaust að fá fram þær leiðréttingar sem dæmdar hafa verið lánþegum til handa. Fjöldi vel rekstrarhæfra fyrirtækja hefur verið úrskurðaður í gjaldþrot vegna slíkra samninga jafnvel eftir að þeir hafa verið dæmdir ólögmætir. Enn meiri fjöldi einstaklinga hefur horft á eftir ævistarfinu, ævisparnaðinum og jafnvel því litla öryggi sem í því fólst að hafa þak yfir höfuðið, vegna innheimtuaðgerða fjármálafyrirtækja sem byggðu á ólögmætum grunni.

Aðgerðir stjórnvalda hafa verið algerlega máttlausar og í engu miðað að því að aðstoða fólk og fyrirtæki við að berjast gegn vægðarleysi banka og fjármálastofnanna. Allt hefur verið gert til að viðhalda stöðu og rekstrargrundvelli fjármálafyrirtækjanna á kostnað heimila og atvinnulífs, án þess að nokkur rök hafi af þér verið færð nauðsyn þess.

Nú þegar síðasta vígið er fallið og ljóst er að lánþegar þessa lands ætla ekki að hlýða kalli þínu um frekari fórnir til handa hinu fallna fjármálakerfi, þá er það von okkar að þú sjáir þér fært að svara eftirfarandi spurningum;

1. Hver ber ábyrgð á því fjárhags- og eignatjóni sem fyrirtæki og heimili hafa orðið fyrir vegna ólögmætra innheimtuaðgerða fjármálastofnanna sem fram hafa farið í trássi við dreifibréf FME, ákvæði laga og nú, niðurstöðu dómstóla?

2. Hvað ætlar efnahags- og viðskiptaráðherra að gera til að snúa til baka þá eignaupptöku og bæta fyrir það tekjutap sem fyrirtæki hafa orðið fyrir vegna vörslusviptinga á tækjum sem sannanlega voru með fjármögnunarleigusamninga sína í skilum?
3. Hvernig ætla stjórnvöld að tryggja réttlæti í því mati sem augljóslega verður að fara fram á því hvaða fyrirtæki voru knúin í gjaldþrot að ástæðulausu?
4. Hver er ábyrgð fagráðherra efnahags- og viðskiptamála sem telur að áhrif ákveðins dóms séu í samræmi við áætlanir og viðurkennir þar með vitneskju um að meiri líkur en minni hafi verið til þess að innheimtur fjármálafyrirtækja væru í andstöðu við ríkjandi lög, án þess að hafa um leið sinnt skyldu sinni til viðbragða?
5. Telur efnahags- og viðskiptaráðherra að hann hafi gert það sem honum ber, lögum samkvæmt, til að tryggja að efnahags- og viðskiptalífið fari að lögum og brjóti ekki gegn skýrum tilskipunum um neytendarétt?
 - a. Sé svarið Já, hvernig fer það þá saman við aðgerðaleyfi vegna lögbrota fjármálakerfisins sbr. spurningu 4 og hvernig fer slíkt saman við lagasetningu sem beint er gegn niðurstöðum Hæstaréttar og er jafnframt í andstöðu við tilskipanir ESB um neytendavernd og um lánaskilmála neytendalána?
 - b. Sé svarið Nei, hvernig hyggst þú ráðherra bæta fyrir brot sín?
6. Hvaða ákvæði í dómum Hæstaréttar er varða ólöglega gengistryggð lán styðst ráðherra efnahags- og viðskiptamála við þá er hann fullyrðir að heimildir fjármálafyrirtækja til innheimtu á frekari álgum fyrir greiddar skuldir liðinna tíma séu í samræmi við lög?
7. Telur efnahags- og viðskiptaráðherra að lög nr. 151/2010, sem hann sjálfur er flutningsmaður að, innifeli heimild til innheimtu á frekari álgum fyrir greiddar skuldir liðinna tíma?
 - a. Sé svarið Já;
 - i. Hvar í téðum lögum er slíka heimild að finna?
 - ii. Hvaða lagastoð styðst sú heimild til afturvirkni laga við?
 - b. Sé svarið Nei;
 - i. Af hverju bregst efnahags- og viðskiptaráðherra ekki við þegar fjármálafyrirtækin vaða frammi með slíkar innheimtur?
8. Vegna ummæla þinna um öskrandi kröfuhafa í viðtali í þættinum Ísland í bítíð þann 13. apríl 2011, höfðu kröfuhafar fjármálafyrirtækjanna áhrif á efnisinnihald frumvarps þess sem síðar varð að lögum nr. 151/2010?
 - a. Sé svarið Já;
 - i. Hver voru þau áhrif?
 - ii. Hverjir voru þeir kröfuhafar?
 - iii. Hver var ástæða þess að þeir komu að frumvarpssmíðinni?
 - b. Sé svarið Nei;
 - i. Hver var þá að öskra?

Ég geri mér grein fyrir því að hér er um nokkuð ítarlegar spurningar að ræða, en sé litið til þeirrar sérfræðiþekkingar sem þú í krafti embættis hefur aðgang að, þá held ég að það sé ekki ósanngjörn krafa að þú svarir þessu sem fyrst.

Með vinsemd og virðingu,

(SIGN)

Guðmundur Andri Skúlason
talsmaður Samtaka lánþega

Afrit er sent á rafrænu formi til:

Alþingismanna á 139. löggjafarþingi

Helstu fjölmiðla landsins